

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1951****2022/EES/26/50**

frá 10. nóvember 2021

**um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB að því er varðar
viðmiðunarfjárhæð vegna sérleyfa (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 4. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ráðið samþykkti með ákvörðun 2014/115/ESB ⁽²⁾ bókun um breytingu á samningnum um opinber innkaup ⁽³⁾ sem gerður var innan ramma Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Samningurinn um opinber innkaup, með áorðnum breytingum, (hér á eftir nefndur „samningurinn“) er fjöhlíða gerningur og markmiðið með honum er að samningsaðilar opni markaði sína er varða opinber innkaup hver fyrir öðrum. Samningurinn gildir gagnvart öllum innkaupasamningum sem ná þeim fjárhæðum eða fara yfir fjárhæðirnar sem settar eru fram í honum („viðmiðunarfjárhæðir“) og tilgreindar eru sem sérstök dráttarréttindi.
- 2) Eitt af markmiðum tilskipunar 2014/23/ESB er að gera samningsstofnunum og samningsyfirvöldum, sem beita henni, kleift að uppfylla um leið þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í samningnum. Til að tryggja að viðmiðunarfjárhæðin vegna sérleyfa sem sett er fram í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2014/23/ESB sé í samræmi við viðmiðunarfjárhæðina vegna sérleyfa sem sett er fram í samningnum er nauðsynlegt að endurskoða viðmiðunarfjárhæðina sem sett er fram í tilskipuninni.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2014/23/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin endurskoði viðmiðunarfjárhæðir á tveggja ára fresti, með gildi frá 1. janúar. Því ættu viðmiðunarfjárhæðirnar fyrir árin 2022-23 að gilda frá og með 1. janúar 2022.
- 4) Því ætti að breyta tilskipun 2014/23/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2014/23/ESB kemur „5 382 000 evrur“ í stað „5 350 000 evrur“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 398, 11.11.2021, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1.

(²) Ákvörðun ráðsins 2014/115/ESB frá 2. desember 2013 um gerð bókunar um breytingu á samningnum um opinber innkaup (Stjtið. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 1).

(³) Stjtið. ESB L 68, 7.3.2014, bls. 2.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. nóvember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
